

Ársskýrsla Framkvæmdasýslu ríkisins 2015

Maí 2016

Umbrot og hönnun: Nielsen hönnunarstofa, Nielsen.is

Ljósmyndir: Christopher Lund (forsíða, bls. 2, 8 og 31, baksíða), Karl Petersson (bls. 13 og 14),
frá starfsmönnum FSR og aðilum verkefna.

Ábyrgðarmaður: Halldóra Vífilsdóttir

Efni

Inngangur	4
Um FSR	4
Ávarp forstjóra	4
Ársreikningur.....	6
Þróunar- og samstarfsverkefni	7
BIM, upplýsingalíkön mannvirkja.....	7
Verkefni á árinu 2015	9
Alþingi.....	9
Forsætisráðuneytið	9
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	11
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	10
Mennta- og menningarmálaráðuneytið.....	11
Innanríkisráðuneytið	13
Mennta- og menningarmálaráðuneytið.....	14
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	17
Utanríkisráðuneytið	20
Velferðarráðuneytið	21
Samstarf	24
Rekstur og starfsfólk	26
Ársreikningur 2015	30



Framkvæmdasýsla ríkisins starfar á grundvelli laga um skipan opinberra framkvæmda

Inngangur

Ávarp forstjóra

Framkvæmdasýsla ríkisins, FSR, hefur með höndum verklegar framkvæmdir fyrir ríkið. Mikilvægt er að ríkið sem verkkaupi búi yfir slíkri þekkingu. FSR beitir sér fyrir samræmingu gagna og þróun á sviði verklegra framkvæmda.

Samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda, nr. 84/2001 skiptast opinberar framkvæmdir í fjóra skýrt afmarkaða áfanga. Þessir áfangar eru frumathugun, áætlunargerð, verkleg framkvæmd og skilamat. Fyrstu tvo áfangana þarf að framkvæma og ljúka og leggja að því búnu fyrir fjármála- og efnahagsráðuneyti til samþykktar áður en heimilt er að hefja undirbúning næsta áfanga. Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir er ráðuneytinu til ráðgjafar um framkvæmd laga um skipan opinberra framkvæmda.

Meginverkefni FSR snúa að umsjón með verklegum framkvæmdum ríkisins, allt frá undirbúningsstigi þeirra og áætlunargerð að verklegum framkvæmdum og gerð skilamats. FSR sinnir einnig umsjón verkefna vegna framkvæmda við ofanflóðavarnir og á undanförunum árum hefur stofnunin í enn ríkara mæli liðsinnt ráðuneytum og ríkisstofnunum í húsnæðisöflun. Stofnunin vinnur þarfagreiningar, húsrýmisáætlanir og frumathuganir og fer með umsjón með áætlanagerð sé þess óskað.

Velta FSR vegna verkefna jókst um 39% milli árana 2014 og 2015. Til helstu verkefna FSR á árinu 2015 má telja

byggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði í Reykjavík, byggingu sjúkrahótels við Landspítala í Reykjavík, byggingu fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur við Háskóla Íslands, viðbyggingu og endurgerð að hluta eldra húsnæðis við Menntaskólann við Sund í Reykjavík og byggingu verknámshúss við Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi. Alls voru gerðir 23 verksamningar samtals að upphæð kr. 3.772.934.099.

Fjölgun ferðamanna hefur haft áhrif á uppbyggingu innviða. Unnið er að markvissri uppbyggingu í þjóðgarðinum á Þingvöllum og hefur m.a. verið unnið að hönnun vegna stækkunar gestastofu á Hakinu. Verið er að vinna frumathugun vegna byggingar gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs á Kirkjubæjarklaustri. Unnið hefur verið að undirbúningi vegna fyrirhugaðra framkvæmda á ríkisjörðinni Laug sem er við Geysi í Haukadal en þar er ætlunin að byggja upp stíga og útsýnispalla. Við Gullfoss er unnið að því að bæta aðstöðu ferðamanna. Einnig má tiltaka byggingu nýrrar heilsugæslustöðvar við Mývatn en fjölgun ferðamanna á svæðinu hefur kallað á bættu aðstöðu fyrir heilsugæslu svæðisins.

Á sviði ofanflóðavarna hafði FSR umsjón með framkvæmdum á Ísafirði, Patreksfirði, Eskifirði, Neskaupsstað og á Siglufirði.

En verkefni snúa ekki öll að nýframkvæmdum. Viðhalda þarf eignum og jafnvel endurgera til að mannvirkin nái að þjóna hlutverkum sínum á sem árangursríkasta hátt.



Umhverfis fræðslumiðstöðina við Hakið á Þingvöllum

Þannig er t.d. unnið að endurgerð húsnæðis fjármála- og efnahagsráðuneytis í Arnarhvoli. Einnig hefur FSR sinnt umsjón vegna meiriháttar viðhalds- og endurgerða fyrir Ríkiseignir og má þar nefna viðhald Tollhússins við Tryggvagötu og endurgerð Hverfisgötu 50.

Á frumathugunarstigi má nefna undirbúning vegna nýbyggingar fyrir Alþingi á Alþingisreit, byggingu þriggja nýrra hjúkrunarheimila og undirbúning fyrir nýtt meðferðarheimili Barnaverndarstofu.

Á sviði húsnæðisöflunarverkefna má nefna nýtt húsnæði fyrir embætti sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og varðveislu og rannsóknarsetur Þjóðminjasafnsins. Einnig er í gangi vinna við að greina framtíðarhúsnæðisþörf Vegagerðarinnar á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórnendur FSR leggja áherslu á að jafnræðis og faglegra vinnubragða sé gætt við framkvæmdir á vegum ríkisins og að við undirbúning verka sé tekið mið af stöðlum, viðmiðunum og leiðbeiningum ríkisins um framkvæmda- og eignamál. Það er markmið okkar hjá FSR að auka stöðugt gæði starfseminnar til að veita viðskiptavinum sem besta þjónustu. FSR vinnur samkvæmt vottuðu gæðastjórnunarkerfi sem byggir á alþjóðlega gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001 og er stöðugt unnið að því að viðhalda kerfinu með endurbótum ásamt því sem reglulegar innri og ytri úttektir eiga sér stað.

Í lok árs 2014 voru kynntar helstu áherslur FSR til 3-5 ára. Í forgrunni eru BIM, vistvæn málefni og þróun

vinnuumhverfis. Við hjá FSR munum halda áfram að innleiða vistvæna byggingarferla og vistvænar byggingar því enn er langt í land á því sviði hérlendis. Í meginverkefnum FSR hefur verið farin sú leið að leita eftir alþjóðlegri vottun hönnunar og bygginga og hefur verið notast við Breeam vottunarkerfið í þeim efnum.

Við munum einnig halda áfram innleiðingu á BIM, upplýsingalíkönnum mannvirkja, í verkefnum FSR. BIM er aðferðafræði við hönnun mannvirkja, þar sem hönnuðir gera rafræn, þrívíð líkön af mannvirkjum og er markmiðið er að bæta gögn og minnka líkindi á mistökum á undirbúnings- og hönnunarstiginu.

Það eru mikil tækifæri til breytinga á vinnuumhverfi opinberra starfsmanna. Nýta á breytingu á fyrirkomulagi fasteignamála ríkisins, þegar markaðsleiga verður tekin upp, með því að hvetja stofnanir til að nýta húsnæði enn betur og færa húsnæðismál til nútímalegra horfs. Ná má mikilli hagræðingu með betri nýtingu húsnæðis, bæði hvað varðar stofnkostnað og rekstur. Um leið eru tækifæri til að bæta starfsumhverfi.

Á ársinu 2015 voru helstu umbótaverkefni innan FSR fjögur. Í fyrsta lagi var tekin upp reglubundin verkefnavöktun. Í öðru lagi voru gerðar umbætur á gæðastjórnunarkerfi FSR þannig að það uppfyllti þær kröfur sem gerðar eru til gæðakerfis byggingastjóra. Í þriðja lagi voru framvinduskýrslur FSR teknar til sérstakrar skoðunar en kappkosta verður að gera upplýsingar til verkkaupa

enn skýrari. Í fjórða lagi er enn unnið að því að klára útistandandi skilamöt. Á árinu 2013 voru 56 skilamöt ógerð en í lok árs 2015 voru 7 skilamöt af þeim lista útgefin.

Starfsfólk FSR er lykillinn að velgengni stofnunarinnar. Áhersla er lögð á að starfsmenn fái að njóta sín í starfi og hafi möguleika á að auka þekkingu sína og reynslu með markvissum hætti. Lögð er áhersla á fagmennsku og þjónustulund en jákvæð hvatning, skýr skilaboð og árangursmiðuð verkefni eru áhrifaríkustu leiðirnar að árangri. Í júníbyrjun var haldinn stefnudagur starfsfólks. Niðurstöður voru m.a. þær að starfsfólk vill aukna samvinnu sín á milli og hefur verið tekin ákvörðun um að skilgreina verkefnahóp eða teymi í upphafi verka. Vilji er til að efla

þekkingarmiðlun og tryggja flæði á milli áfanga verkefna til að lok verka verði í samræmi við áætlanir. Við viljum að öll verkefni í umsjón FSR verði til fyrirmyndar.

Hlutverk Framkvæmdasýslu ríkisins er að vera leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda. Okkar markmið er að bæta verklag og auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði við framkvæmdir ríkisins. Við viljum veita viðskiptavinum okkar, opinberum stofnunum og ráðuneytum, góða þjónustu og stuðla að framþróun mannvirkjagerðar því við vitum að manngert umhverfi mótar ramma um líf okkar og athafnir. Gott manngert umhverfi eykur lífsgæði!

Haldóra Vífilsdóttir
Haldóra Vífilsdóttir, forstjóri



Framkvæmdasýsla
ríkisins hefur það að
markmiði að veita góða
þjónustu og stuðla að
góðri samvinnu við
viðskiptavinum sína


Um FSR

Framkvæmdasýsla ríkisins, FSR, fer með stjórn verklegra framkvæmda af hálfu ríkisins og veitir ráðuneytum og ríkisstofnunum ráðgjöf um byggingartæknileg málefni og undirbúning framkvæmda. FSR starfar samkvæmt lögum nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda og heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Starfsemi FSR er alfarið fjármögnuð með sértekjum

Ársreikningur

Ríkisendurskoðun sér um endurskoðun á bókhaldi FSR. Ekki fer fram formleg endurskoðun á hverju ári, en Fjárskýrsla ríkisins gefur hins vegar

árlega út samandreginn ársreikning fyrir stofnunina. Þessi samandregni ársreikningur er hluti af ársskýrslu FSR fyrir árið 2015.



Þróunar- og samstarfsverkefni

BIM, upplýsingalíkon mannvirkja

Upplýsingalíkon mannvirkja, eða BIM (Building Information Modelling) er aðferðafræði sem FSR hefur staðið fyrir að innleiða síðan árið 2008.

FSR er þátttakandi í samstarfi systurstofnana á Norðurlöndum (NKS) að innleiðingu á BIM. FSR tekur einnig þátt í EU BIM Task Group en þar vinnur Evrópusambandið, ásamt Noregi og Íslandi, að innleiðingu á BIM í opinberum framkvæmdum. Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu.

Þá hefur FSR unnið að innleiðingu á BIM í verkefnum sem stofnunin hefur umsjón með heima fyrir. Hönnuðum og verktökum er með aðstoð sérfræðinga FSR gert kleift að nota aðferðafræðina við úrlausn verkefna.

BIM aðferðafræðin var notuð í eftirtöldum verkefnum á árinu 2015:

- Fangelsið á Hólmsheiði
- Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur

- Menntaskólinn við Sund
- Stækkun verknámsaðstöðu við Fjölbautarskóla Suðurlands
- Hakið – Þingvöllum
- NLSH – Sjúkrahótel
- NLSH - Meðferðarkjarni

Til að styðja byggingariðnaðinn við innleiðingu á BIM, hefur FSR haldið námskeið í Endurmenntun Háskóla Íslands. Auk þess hefur FSR staðið fyrir opnum fundum, þar sem aðferðafræði BIM hefur verið kynnt.

Vorið 2015 stóð FSR fyrir örnámskeiðum fyrir ýmsa aðila þar sem tekið var fyrir verklag við BIM. Má þar nefna námskeið fyrir nemendur í tæknifræði við Háskólann í Reykjavík, fyrir fulltrúa Reykjavíkurborgar, opinbera verkkaupa og aðra.

Í maí fóru BIM sérfræðingar FSR með erindi um stöðu BIM á Íslandi á ráðstefnu í Helsinki í samstarfi við Vegagerðina.





Alþingi, Skjaldbreið, útlit götuhliðar

Verkefni á árinu 2015

Alþingi

Helstu verkefni fyrir Alþingi voru eftirfarandi.

Kirkjustræti 8. Skjaldbreið

Í nóvember 2014 hófst vinna við endurbætur á húsinu Skjaldbreið við Kirkjustræti 8. Endurbæturnar fólu m.a. í sér afréttingu burðargrindar hússins (útveggi og milligólf), viðgerð sökkulveggja og endursteypu á hluta þeirra, viðgerðir á og/eða ísetningu nýrra glugga og hurða, einangrun og klæðningu útveggja og þaks með bárujarni. Samið var við lægstbjóðanda, Knekti ehf. Vinnu við verkið var að mestu lokið í árslok 2015.

Alþingi – húsnæðismál

Á árinu vann Framkvæmdasýsla ríkisins að athugun vegna húsnæðismála Alþingis þar sem kannað var hvort skrifstofur Alþingis gætu rúmast í leiguhúsnæði á Landsímareitnum með nánast beinni tengingu við Alþingishúsið. Alþingi leigir um 4.300 m² skrifstofuhúsnæði í nágrenni Alþingis.

Niðurstaðan var að umrætt leiguhúsnæði væri ekki hentugt og í framhaldi af því var Framkvæmdasýsla ríkisins beðin um vinna frumathugun og þarfagreiningu fyrir nýja skrifstofubyggingu fyrir Alþingi.

Niðurstaða þeirrar vinnu var að Alþingi þarfnæðist um 4.500 m² skrifstofubyggingar auk 750 m² bílakjallara í samræmi við skipulag svæðisins.

Verkefnið bíður nú heimildar til áframhaldandi vinnu við áætlunargerð.

Útgefin skilamöt og skilagreinar

- Alþingisreitur fornleifar, 2. áfangi. Útgefið: mars 2015.

Forsætisráðuneytið

Hakið á Þingvöllum

Gríðarleg fjölgun hefur verið á ferðamönnum sem leggja leið sína í Þjóðgarðinn á Þingvöllum. Þessi fjölgun kallar á aðgerðir og hefur nú verið stefnt að því að útfæra aðkomu ferðamanna þannig að ferðamenn koma til Þingvalla frá Hakinu ofan Almannaáttar frekar en að aka niður í sjálfa Þinghelgina.

Upphaf þessara áætlana var bygging Fræðslumiðstöðvar árið 2000 og stakstæðrar byggingar fyrir snyrtingar árið 2010. Einnig bygging brúar í Kárastaðastíg og yfir á útsýnissvæðið á Hakinu með brúartengingum við hlað við fræðslumiðstöðina 2013.

Forsendurnar breytast hratt og var ný framkvæmdaáætlun sett fram árið 2014 og voru verkefni eftirfarandi:

1. Þingvellir, Hakið. Jarðvinna og hraunhellulögn á Hlaði (31,6 m.kr.).
2. Þingvellir, Hakið. Pallur, skárapur og brýr (16,4 m.kr.).
3. Þingvellir, Hakið. Aðlögun göngusvæða, hellulögn, jaðarfrágangur (8,1 m.kr.).
4. Þingvellir, Hakið. Bílastæði (63,5 m.kr.).
5. Þingvellir, Hakið. Þjónustuhús (55,6 m.kr.).

6. Þingvellir, Hakið. Gestastofa, deiliskipulag (8,5 m.kr.).
7. Þingvellir, Hakið. Frárennslismál og lagnir í jörð (2,9 m.kr.).

Í sviga eru uppgjörstölur áfanganna í heild 186,5 m.kr.

Á árinu lauk frumathugun fyrir gestastofu sem byggð yrði sem stækkun við núverandi fræðslumiðstöð og fékkst heimild til áætlunargerðar 6. maí 2015. Í framhaldinu var samið við Glámu-Kím um hönnun hennar. Gert var ráð fyrir að hönnun hennar lyki fyrir áramót en það gekk ekki eftir. Heildaráætlun gestastofunnar eru 465 m.kr. sem skiptist á framkvæmdaárin 2016 og 2017, auk þess undirbúnings sem fram fór 2015. Af þessari áætlun voru 40 m.kr. ætlaðar til sýningarhluta.

Samið var við Gagarín ehf. um hugmyndahönnun vegna væntanlegra sýningar. Gert er ráð fyrir að sýningarhönnun ljúki á árinu 2016 og að hún verði uppsett á árinu 2017. Um leið verði gestastofan fullbyggð.

Verkkaupi er Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og forsætisráðuneytið.

Húsnæðismál forsætisráðuneytisins og stjórnarráðsins

Að beiðni forsætisráðuneytisins dags. 11.12.2015 var óskað eftir að Framkvæmdasýsla ríkisins ynni frumathugun og þarfagreiningu vegna húsnæðismála forsætisráðuneytisins og stjórnarráðsins.

Forsætisráðuneytið er í dag með starfsemi í þremur byggingum á stjórnarráðsreitnum við Lækjargötu / Hverfisgötu og er stefnt að því að koma starfsemi fyrir á einum stað í framtíðinni.



Ármann Óskar Sigurðsson



Starfsmaður FSR

Verkefnastjóri
Syngjandi, sæll
og glaður

Öryggisgeymslur – varðveislu- og rannsóknarsetur fyrir Þjóðminjasafn Íslands

Í desember 2013 óskaði fjármála- og efnahagsráðuneyti, samkvæmt beiðni forsætisráðuneytis, eftir því við Framkvæmdasýslu ríkisins að unnið yrði frummat á þörf Þjóðminjasafns Íslands fyrir geymsluhúsnæði.

Verkefnið fólst í gerð frumathugunar, þarfagreiningar og húslýsingar fyrir öryggisgeymslur / varðveislu- og rannsóknarsetur fyrir Þjóðminjasafn Íslands.

Í framhaldi var unnið minnisblað með frekari upplýsingum um stærðir / flatarmál, fasteignarverð o.fl. auk upplýsinga um rekstur, flutning safngripa og búnaðarkaup vegna nýrra öryggisgeymslna. Frumathugun var unnin í samráði við starfsfólk Þjóðminjasafnsins.

Að höfðu samráði við verkkaupa, hófst vinna við húslýsingu sem lá fyrir í janúar 2015. Auglýst var eftir 4.500 m² geymsluhúsnæði og var áætlaður leigukostnaður skv. forsendum hér að ofan um 6,8 m.kr. á mánuði eða 81 m.kr. á ári.

Fjöldi tilboða barst og samþykktu ráðuneytin að gengið yrði til samninga við Reginn hf. um leigu á Tjarnarvöllum 11 í Hafnarfirði. Húsnæðið er 4.270 m².

Þann 19. júní 2015 lögðu starfsmenn Þjóðminjasafnsins fram minnisblað með tillögum um breytingar / viðbætur á starfsemi hússins sem fólst í því að stórbæta alla vinnuáðstöðu starfsfólks og geymsluaðstöðu safnkosts.

Í samvinnu við eiganda hússins voru skoðaðir þeir möguleikar sem lofthæð hússins býður upp á en hluti hússins er á þremur hæðum og býður upp á rými sem henta skrifstofum, verkstæðum og minni geymslum.

Niðurstaða þessarar vinnu var að fjölga starfsstöðvum úr 4 í 15 og vinnuáðstöðu námsmanna / fræðimanna úr 4 í 8. Þarna er um stóran hluta starfsmanna með aðstöðu í Vesturvör 16-20 að ræða. Einnig var ákveðið að bæta við rýmum fyrir sýningargerð, heimildasafn og forvörslu. Þá verður hluti af viðkvæmum safnkosti, textíl og forngríp, fluttur úr Vesturvör 16-20 að Tjarnarvöllum í geymslur í þann hluta hússins sem er á þremur hæðum.

Ný skilgreining á nafni hússins verður þar með *Varðveislu- og rannsóknasetur Þjóðminja fyrir Þjóðminjasafn Íslands*.

Þjóðminjasafn Íslands telur að með þessum breytingum sem gerðar hafa verið frá upphaflegri húslýsingu hafi tekist að stórbæta til framtíðar geymsluskilyrði fyrir safnkostinn og vinnuástöðu starfsmanna á mjög hagkvæman hátt. Breytingar rúmast innan þess kostnaðarramma sem lagt var af stað með í upphafi.

Samningar um húsnæðið voru á lokastigi í lok árs 2015. Stefnt var að undirritun leigusamnings við Reginn hf. í upphafi árs 2016.

Útgefin skilamöt og skilagreinar

- Utanhússviðgerðir Þjóðmenningarhúss. Útgefið mars 2015
- Þjóðgarðurinn Þingvöllum, göngubrú. Útgefið í desember 2015.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Byggðastofnun

Að beiðni fjármála- og efnahags-ráðuneytisins var unnin þarfagreining og frumathugun um húsnæðismál Byggðastofnunar á Sauðárkróki en stofnunin er C-hluta stofnun.

Þeirri vinnu lauk um mitt ár 2014 og var niðurstaða þarfagreiningar að húsnæðisþörf stofnunarinnar væri um 700 m².

Árið 2015 var auglýst eftir húsnæði, en engin viðunandi tilboð bárust. Síðla árs 2015 var FSR beðin um að uppfæra fyrrnefnda þarfagreiningu og um leið var ákveðið að sótt yrði um heimild fyrir stofnunina til byggingar á 1.000 m² skrifstofuhúsnæði. Umframhúsnæðið yrði til útleigu.

Útgefin skilamöt og skilagreinar

- Engin útgefin skilamöt eða skilagreinar á árinu.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Arnarhvoll og gamla Hæstaréttarhús, innanhúss-framkvæmdir – áfangi 1

Gláma/Kim arkitektar ehf. ásamt verkfræðistofunni Eflu unnu að áætlunargerð á 1. áfanga endurbóta og breytinga

Starfsmaður FSR

Móttökuritari Húmoristi og Íþróttamma



Berglind Ýr Ólafsdóttir

innanhúss. Um er að ræða eftirfarandi verkþætti:

- Endurnýjun vesturhluta 3. hæðar
- Lyfta sem tengir saman allar hæðir
- Snyrtikjarnar á 1. - 3. hæð
- Ræstimiðstöð á jarðhæð
- Lofræstisamstæða á jarðhæð

Áætlunargerð lauk í september 2014 og var verkið þá boðið út. Fjögur tilboð bárust en samið var við lægstbjóðanda Sérverk ehf. Tilboðið hljóðaði upp á 108,1 m.kr. sem eru rúm 87% af kostnaðaráætlun. Verklök voru fyrri hluta ársins 2015.

Árið 2015 var unnið að hönnun annars áfanga í innahússbreytingum og endurbótum. Annar áfangi nær einnig yfir vesturhluta Arnarhvals. Um er að ræða 1. og 2. hæð og er áætlað að verkið verði boðið út í byrjun 2016.

Húsnæðismál Lögreglustjórans á Suðurlandi

Óskað var eftir að FSR skoðaði húsnæðismál Lögreglustjórans á Suðurlandi og kannaði hvaða möguleikar væru til staðar til að sameina embættið á einn stað á Hvolsvelli.

Í lok árs 2015 var hafin vinna við ráðgjöf vegna leiguhúsnæðis fyrir lögregluna á Suðurlandi en höfuðstöðvar hennar eru staðsettar á Hvolsvelli. Yfirstjórn lögreglunnar á Suðurlandi er að Austurvegi 6 í húsnæði sýslumannsins á Suðurlandi. Lögreglustöðin er á neðri hæð að Hlíðarvegi 16.

Húsnæðismál Lögreglustjórans á Suðurnesjum

Unnin var að frumathugun og þarfagreiningu vegna húsnæðismála Lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Við embætti Lögreglustjórans á Suðurnesjum er starfrækt almenn lögregludeild, sérstök rannsóknardeild og flugstöðvardeild í Flugstöð Leif Eiríkssonar þar sem landamæragæsla er meginverkefnið.

Embættið er nú með meginstarfsstöðvar á þremur stöðum þ.e. að Hringbraut 130, Brekkustíg 39 og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Lögð er áhersla á að sameina aðstöðu lögreglustöðvar og skrifstofu lögreglustjóra á einum stað.

Húsnæðismál Ríkislögreglustjóra. Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og Lögregluskólans

Unnið var að frumathugun og þarfagreiningu vegna húsnæðismála Ríkislögreglustjóra, Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og Lögregluskólans.

Ríkislögreglustjóri er með aðalskrifstofur að Skúlagötu 21 og aðra starfsemi í Skógarhlíð 14. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu er með höfuðstöðvar og eina lögreglustöð á Hverfisgötu 113-115 og starfsstöðvar tengdar höfuðstöðvum á Rauðarárstíg 10 og Vínlandsleið 2. Lögregluskóli ríkisins er með aðstöðu að Krókhálsi 5a og 5b.

Sérstaða verkefnisins felst í umfjöllun um þarfir og húsrýmisáætlun þriggja stofnana í einu ásamt möguleikum til samnýtingar með því að þær verði allar á sama stað.

Leiguverkefni

Leiguverkefnum fyrir önnur ráðuneyti en fjármála- og efnahagsráðuneytið og stofnanir þeirra er lýst í köflum viðkomandi ráðuneyta en þau vinna FSR í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Lækur í Flóa – íbúðarhús

Fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Jarðasjóðs ríkisins voru í febrúar 2015 boðnar út framkvæmdir við byggingu íbúðarhúss að Læk í Flóa. Tilboð voru opnuð 18. mars 2015 og samið við lægstbjóðanda, Eðalbyggingar ehf.

Framkvæmdin var boðin út í alútboði sem tók til hönnunar og byggingar á 170 m² íbúðarhúsi úr timbri. Ábúendur sömdu sérstaklega við Eðalbyggingar ehf. um byggingu 40 m² bílskúrs sem er hluti af húsinu. Verkið er í vinnslu og eru umsamin verklok 1. apríl 2016.

Starfsmaður FSR

Verkefnastjóri Hlaupari



Bergljót S. Einarsdóttir

Suðurströnd 12, Seltjarnarnesi, Heilsugæsla – endurbætur

Verkefnið hófst í lok árs 2014 og flutti heilsugæslan tímabundið á Landakotsspítala. Endurbætur á heilsugæslu hófust af fullum krafti í byrjun árs 2015 og var unnið linnulaust út árið. Verkið var tekið út í byrjun desember og flutti heilsugæslan inn í endurbætt húsnæði rétt fyrir jólin 2015.

Verkkaupi er Ríkiseignir. Umsjón hafði Framkvæmdasýsla ríkisins. Hönnuðir voru ASK arkitektar ehf. og VSÓ-Ráðgjöf.

Tollhúsið Tryggvagötu 19 – Endurbætur

Verkið samanstendur af þremur megin þáttum:

- Múr- og steypuviðgerðum utanhúss á fyrstu tveimur hæðum Tollhússins og Geirsbrúar.
- Endurnýjun þakfna á Geirsbrú og yfir annarri hæð á Tollhúsi.
- Byggingu millilofts innanhúss.

Verkkaupi er Ríkiseignir. Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með verkefninu en eftirlit hefur Guðni Örn Jónsson tæknifræðingur hjá byggingaþjónustunni slf. Hönnuðir eru Bj.Snae arkitektar, Byggingaþjónustan slf., VSB-Verkfræðistofa og Tíf- Tækniþjónusta slf. Verktaki er JS- hús ehf.

Verkið var undirbúið af hönnuðum og verkkaupa. FSR kom að verkinu í lok áætlunargerðar, yfirfor magnskrá, kostnaðaráætlanir hönnuða, verklýsingar og teikningar ásamt því að undirbúa verkið til útboðs og hafa umsjón með útboðsferlinu.

Tilboð voru opnuð hjá Ríkiskaupum 21. apríl 2015. Tvö tilboð bárust. Samið var við lægstbjóðanda, JS – hús ehf.. Tilboðsfjárhæð var 232,8 m.kr. sem nemur 111,7% af kostnaðaráætlun en hún hljóðaði upp á 208,4 m.kr.

Verktími á utanhússviðgerðum og þökum er til 1. október 2015. Verktími á milligólfri og veggjum innanhúss er frá 1. febrúar 2016 til 1. apríl 2016.



Fangelsið á Hólmsheiði

Hverfisgata 113-115 – Endurinnrétting 1. áfangi 1. hæð A og B hluti

Framkvæmdin fólst í niðurrifi og endurinnréttingu 1. hæðar vesturálmú, A og B hluta lögreglustöðvar að Hverfisgötu 113-115, Reykjavík. Einnig í niðurrifi eldra loftræsikerfis og að fullgera nýtt loftræsikerfi með loftræsisamstæðu sem staðsett er í kjallara. Lagðar voru nýjar frárennslislagirnir í jörðu og innanhúss, ásamt neysluvatnslögnum og hitalögnum. Þá var og sett upp nýtt rafkerfi.

Verkið var undirbúið af verkkaupa sem er Ríkiseignir. Framkvæmdasýsla ríkisins kom að verkinu í lok áætlunargerðar og undirbjó það til lokaðs útboðs að undangengnu forvali hjá verkkaupa. Tilboð voru opnuð hjá Ríkiskaupum 20. janúar 2015. Fjögur tilboð bárust og var samið við lægstbjóðanda Einar P. & Kó, en tilboðsfjárhæð nam 134,7 m.kr. sem eru 76,5% af kostnaðaráætlun. Verklegar framkvæmdir hófust 16. febrúar 2015 og þeim lauk á árinu 2015.

Framkvæmdasýsla ríkisins hafði umsjón og eftirlit með verklegri framkvæmd. Verklokaúttekt fór fram 4. desember 2015.

Í framhaldi af ofangreindri framkvæmd var gerður viðbótarsamningur við verktakann um að endurinnrétta um 220 m² búningaöstöðu í kjallara hússins. Áætluð verklok eru 31. mars 2016.

Útgefin skilamöt og skilagreinar

- Engin útgefin skilamöt eða skilagreinar á árinu.

Innanríkisráðuneytið

Fangelsi á Hólmsheiði

Vinna við nýtt fangelsi á Hólmsheiði hófst árið 2013. Þá var fyrsti áfangi boðinn út en hann fólst í jarðvinnu og vinnu vegna heimtauga. Næsti áfangi verksins, hús og lóðarfrágangur, var auglýstur 17. ágúst 2013 og voru tilboð opnuð 5. desember 2013. Á árinu 2015 var unnið við utan- og innanhússfrágang og einnig var unnið við lóðarfrágang sem m.a. innifól frágang útgarda fangadeilda og uppsetningu öryggisgirðingar. Vinna við listskreytingar hófst á árinu og var vel á veg komin í árslok. Síðla hausts voru opnuð tilboð öryggiskerfi og hófst vinna við frágang þeirra að aflokinni samningsgerð. Verklök eru áætluð á fyrri hluta ársins 2016.

Aðalhönnuður er Arkís arkitektar ehf., hönnunarstjóri er Björn Guðbrandsson. Mannvit hf. annast burðarþol, lagna- og hljóðhönnun, Verkís hf. annast rafmagns- lýsingar- og öryggishönnun og VSI brunahönnun. Umsjónarmenn listskreytinga eru Anna Hallin og Olga Bergmann.

Húsnæðismál Vegagerðarinnar

Þann 17.12.2014 var óskað eftir að Framkvæmdasýsla ríkisins ynni frumathugun og þarfagreiningu vegna húsnæðismála Vegagerðarinnar.

Í verkefninu felst vinna og umsjón með frumathugun og þarfagreiningu ásamt húsrýmisáætlun vegna undirbúnings



breytinga á húsnæðismálum Vegagerðarinnar. Vegagerðin er í dag með starfsemi á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu og er stefnt að því að koma starfseminni fyrir á einum stað í framtíðinni. Verkefnið er í vinnslu.

Verkefni innan öryggissvæðis Keflavíkurflugvallar.

Fyrir Landhelgisgæsluna hefur FSR annast umsjón og eftirlit við endurbætur á raflögnum í byggingum á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Framkvæmdirnar hafa verið boðnar út í áföngum.

Á árinu 2015 var unnið að 6. áfanga.

Um er að ræða byggingu nr. 130. Byggingin er stjórnstöð samþætts loftvarnakerfis NATO hér á landi. Verktaki er Bergraf ehf. Fyrir utan rafkerfisbreytingar í byggingu nr. 130 eru gerðar umfangsmiklar endurbætur á vatns- og kæliöngnum ásamt breytingum á loftræsikerfum. Verkinu lauk í desember 2015.

Einnig var unnið að 7. áfanga.

Um er að ræða rafkerfisbreytingar í byggingu nr. 831. Verktaki er Bergraf ehf. Byggingin er flugskýli með verkstæðum, skrifstofum, rafstöðvarrými, tæknirýmum, göngum, salernum og geymslum á tveimur hæðum í sambyggðum hliðarbyggingum við flugskýlið og er samtals um 12.200 m². Verkinu lýkur í janúar 2016.

Nýtt húsnæði fyrir ríkissaksóknara

Að beiðni innanríkisráðuneytisins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins var óskað eftir þarfagreiningu og rýmisáætlun fyrir embætti ríkissaksóknara en embættið missti húsnæðið sem það hefur haft s.l. 50 ár um áramótin 2015/2016.



Gislína Guðmundsdóttir



Starfsmaður FSR

Verkefnastjóri Golfari

Starfsmaður FSR

Verkefnastjóri Fuglavinur



Guðbjartur Á. Ólafsson

Þarfagreining leiddi í ljós að húsnæðisþörf embættisins er um 700 m².

Auglýst var eftir húsnæði og bárust sjö tilboð. Hagstæðasta tilboðið, sem hentaði embættinu, var Suðurlandsbraut 4, 6. hæð. Með góðri samvinnu við leigusala tókst að flytja embættið þangað um síðustu áramót.

Nýtt húsnæði fyrir héraðssaksóknara

Nýtt embætti héraðssaksóknara var stofnað um áramótin 2015/16. Innanríkisráðuneytið, ásamt fjármála- og efnahagsráðuneytinu bað Framkvæmdasýslu ríkisins um greiningar vegna húsnæðismála nýja embættisins. Gerð var þarfagreining og skoðaður sá möguleiki á því að embættið myndi vera áfram í húsnæði fyrrum sérstaks saksóknara en það embætti var lagt niður um leið og embætti héraðssaksóknara var stofnað.

Niðurstaða þarfagreiningar leiddi í ljós að héraðssaksóknari þarfnaðist um 1.400 m² húsnæðis.

Útgefin skilamöt og skilagreinar

- Fasteignaskrá, leiguhúsnæði vegna Þjóðskrár. Útgefið í febrúar 2015.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Þjóðleikhúsið – viðbygging

Framkvæmdum við leikmunageymslu Þjóðleikhússins, samkvæmt hönnun Teiknistofu Garðars Halldórssonar, lauk með ábyrgðarúttekt 19. desember 2014. Vörulyfta var sett í húsið í árslok 2014 en fékk ekki úttekt yfirvalda. Á árinu 2015 var unnið að því að leysa það mál með KONE og ÍAV hf. sem verktaka. Verkskaupi yfirtók framkvæmdina.

Þjóðskjalasafn Íslands – endurbætur

Hús 1

Útboð vegna endurbóta á rishæð húss 1 við Laugaveg 162 var sent út í lok janúar 2015 og voru tilboð opnuð þann 10.

febrúar. Samið var við HK verktaka ehf um verkið og hófust framkvæmdir í lok mars. Útveggja- og þakklæðningar auk glugga og hurða voru fjarlægðar svo og nánast allt innvols hæðarinnar. Þegar upp var staðið var hæðin nánast fokheld áður en endurgerð hófst. Nýir gluggar og hurðir voru settar í og sinkklæðningu komið fyrir á þakinu til samræmis við aðliggjandi hús. Einnig var svölum komið fyrir á suðurhlíð hæðarinnar í fyrirlestrarsal. Innra skipulag rishæðarinnar var með svipuðum hætti og fyrir endurgerð en þó með þeirri breytingu að hægt var að opna milli fundarsalar, fundarherbergis og kaffistofu til þess að auka gestagetu. Framkvæmdum lauk í desember og lokaúttekt fór fram á nýju ári, 2016. Örutboð vegna hljóð- og myndkerfa var gert innan rammasamnings Ríkiskaupa og var niðurstaðan sú að samið var við lægstþjóðanda, Exton ehf. Annað örutboð um kaup á lausum búnaði fór einnig fram meðal aðila rammasamnings og var samið við Á. Guðmundsson um kaup á húsgögnum.

Hús 4

Gerður var viðbótarsamningur við verktakana Egilsson og Rossen ehf. í desember 2014 um uppsetningu skjalaskápa á brautum fyrir teikningar og skjöl í herbergi 109. Uppsetning þeirra var lokið þann 3. mars 2015 og fór lokaúttekt fram 10. mars. Aðeins komu fram nokkrar minni háttar athugasemdir í úttektinni. Verkinu lauk með ábyrgðarúttekt þann 3. júní 2015.

Þjóðarbókhlaðan – loftræsikerfi

Loftræsikerfi Þjóðarbókhlaðunnar var orðið bilanagjarnt og var veitt 40 m.kr. frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu í að endurnýja það og stýringar þess.



Guðni Geir Jónsson



Starfsmaður FSR

Fjármálastjóri
Lagasmíður
fyrir eurovision



Þjóðskjalasafn, innréttingar

Verkfræðistofan Mannvit ehf. var fengin til verksins sem aðalhönnuður kerfisins. Samningsverkið fólst í að velja stýribúnað, flytja hann inn til landsins og sjá um uppsetningu hans og virkniprófun. Teikningum var skilað 16. mars 2015 samkvæmt hönnunarsamningi og verkið hófst með vinnu á staðnum 20. maí 2015. Á tímabilinu 20. maí til 20. júní var unnið að uppsetningu búnaðar. Þá tók við forritun kerfanna og var kerfið síðan sett í reynslukeyrslu.

Virkniprófun stendur yfir í árslok 2015 í samstarfi við starfsmenn bókhlaðunnar og þjónustuaðila þess og er gert ráð fyrir að verktaki fylgi kerfinu eftir allt til ábyrgðarúttektar í september 2016.

Hús íslenskra fræða

Framkvæmdir við Hús íslenskra fræða hafa verið í bið frá árinu 2013.

Húsnæðismál mennta- og menningarmálaráðuneytisins

Mennta- og menningarmálaráðuneytið óskaði í júní 2015 eftir að Framkvæmdasýsla ríkisins ynni frumathugun og þarfagreiningu vegna húsnæðismála ráðuneytisins.

Í verkefninu felst vinna og umsjón með frumathugun og þarfagreiningu, ásamt húsrýmisáætlun vegna undirbúningsbreytinga á innra skipulagi húsnæðis mennta- og menningarmálaráðuneytisins að Sölvhólgötu 4.

Þjóðleikhúsið – frumathugun búnaðar

Að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins í maí 2015 hóf Framkvæmdasýsla ríkisins vinnu við frumathugun og þarfagreiningu vegna búnaðarmála Þjóðleikhússins.

Um er að ræða endurnýjun á svokölluðu flugkerfi, leikhúslýsingu, hljóðkerfi og vélbúnaðs hringsviðs, auk



Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur

afleiddra þátta sem því tengjast. Ljóst er að nánast allur sviðsbúnaður í húsinu er úreltur þar sem litlar sem engar úrbætur hafa verið gerðar á búnaði frá opnun hússins árið 1950.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur

Framkvæmdir héldu áfram við byggingu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands. Eiríkur Hilmarsson er formaður byggingarnefndar.

Byggingin er 3.473 m² á fjórum hæðum og liggja 201 m² undirgöng undir Suðurgötu sem tengja bygginguna við Háskólatorg.

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón og eftirlit með verklegri framkvæmd.

Heimild til útboðs að lokinni áætlunargerð var veitt af samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir 23. desember 2014 og var framkvæmdin boðin út á Evrópska efnahagssvæðinu 23. desember 2014 og innanlands 3. janúar 2015.

Tilboð voru opnuð í febrúar og var gengið til samninga við lægstbjóðenda Eykt ehf. Tilboð Eyktar nam 1.368 m.kr. sem er 96,7% af kostnaðaráætlun.

Verkframtæmdir hófust vorið 2015 og eru áætluð verklok síðla haustið 2016.

Um áramót 2015/2016 lá fyrir að verkið væri á eftir áætlun og samkvæmt mati og samanburði á greiðsluáætlun og raungreiðsluáætlun næmi seinkun nálægt tveimur verkmanuðum. Því er ekki tryggt að verklok náist 2016.

Menntaskólinn við Sund – viðbygging

Framkvæmdir við viðbyggingu við Menntaskólann við Sund héldu áfram árið 2015.

Verkframtæmdin var boðin út í mars 2014 og bárust alls átta tilboð. Samið var við lægstbjóðenda Jáverk ehf. Verkið er á eftir áætlun en búist var við að því lyki um áramótin 2015/2016.

Fjölbrautaskóli Suðurlands – stækkun verknámsaðstöðu

Höfundar verðlaunatillögu, TARK arkitektar og verkfræðistofan Mannvit, unnu áfram að áætlunargerð vegna stækkunar verknámsaðstöðu Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi. Nýbyggingin er byggð upp að suðvesturhluta núverandi verknámshúss, Hamri, og mynda byggingamar eina heilstæða byggingu að verki loknu.

Starfsmaður FSR

Bókari
Blómaunnandi



Guðrún V. Árnadóttir



Stækkun verknámsaðstöðu Fjölbrautarskóla Suðurlands

Nýbyggingin er um 1.700 m² á einni hæð, en auk þess verður núverandi verknámshús, (1.150 m²) endurnýjað að stórum hluta.

Framkvæmdin var boðin út í apríl og bárust þrjú tilboð í verkið. Jáverk ehf. átti lægsta tilboðið að fjárhæð 815,4 m.kr. sem er tæplega 105% af kostnaðaráætlun.

Á árinu 2015 hefur nánast eingöngu farið fram uppsteypa og er verkið aðeins á eftir áætlun sem orsakast af töfum í byrjun verks og frekar óhagstæðri veðráttu í lok ársins.

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með verklegri framkvæmd. Verkis ehf sinnir aðstoð við eftirlit.

Stefnt er að verklokum nýbyggingar fyrir næsta skólaár og endurbyggingu Hamars um miðjan október 2016.

Verkkaupar eru ásamt mennta- og menningarmálaráðuneyti, sveitafélagið Árborg, Héraðsnefnd Árnesinga, Héraðsnefnd Rangæinga og Héraðsnefnd Vestur - Skaffellinga.

Útgefin skilamöt og skilagreinar

- Háskólinn á Akureyri, 4. áfangi, kennslu- og fyrirl. rými.
Útgefið í júlí 2015.
- Askja - náttúrufræðihús
Útgefið í desember 2015.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Helstu verkefni sem unnin voru fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytið tengdust ofanflóðavörnum. Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með slíkum verkefnum fyrir verkkaupa sem eru viðkomandi sveitarfélag og Ofanflóðasjóður.

Að auki var unnið að smærri verkefnum fyrir stofnanir ráðuneytisins.

Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs Kirkjubæjarklaustri.

Við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs var gert ráð fyrir að komið yrði upp neti upplýsinga- og þjónustustaða þjóðgarðsins. Þjónustunetið byggir á þremur meginþingum, þ.e. gestastofum, sem jafnframt verða skrifstofur þjóðgarðsins, starfsstöðvar landvarða og upplýsingastofur.

Að beiðni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins var, í framhaldi af fréttatilkynningu dags. 5.11.2015, óskað eftir að Framkvæmdasýsla ríkisins ynni frumathugun, áætlunargerð og hefði umsjón með verklegri framkvæmd vegna fyrirhugaðrar byggingar gestastofu á Kirkjubæjarklaustri, fyrir vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.

Gert er ráð fyrir að gestastofan hýsi skrifstofur vestursvæðisins fyrir umsýslu og daglegan rekstur og sýningarsvæði sem snýr að kennslu, fræðslu og upplýsingastarf.

Geysir – framkvæmdir vegna stíga- og pallagerðar á ríkisjörðinni Laug.

Að beiðni Umhverfisstofnunar haustið 2015 var óskað eftir að Framkvæmdasýsla ríkisins ynni frumathugun, áætlunargerð og hefði umsjón með verklegri framkvæmd vegna stíga- og pallagerðar á ríkisjörðinni Laug við Geysi í Haukadal.

Framkvæmdasvæðið er utan girðingar sem er umhverfis hverasvæðið og er framkvæmdasvæðið í eigu ríkisins. Byggir hönnun á tillögu sem hlaut fyrstu verðlaun í samkeppni um skipulag og hönnun Geysissvæðisins vorið 2014.

Verkefnið felst í gerð frumathugunar, umsjón með áætlunargerð og umsjón með verklegri framkvæmd vegna stíga og útsýnispallagerðar á ríkisjörðinni Laug, frá Biskupstungnavegi og upp á topp Laugafells. Gert er ráð fyrir stígatengingu við hversvæði Geysis.

Landvarðahús Drekgil

Á árinu 2014 var byrjað á byggingu landvarðahúss sem rísa mun í Drekgili við Öskju. Grunnflötur húss er um 107 m² auk um 12 m² hliðarbyggingar. Húsið er timburhús á einni hæð með svefnlofti í risi að hluta. Húsinu verður skilað fullfrágengnu með innréttingum en án búnaðar. Húsið er byggt úr forsmíðuðum einingum á athafnasvæði verktaka að Laufásgötu 11, Akureyri og verður flutt í 5 húshlutum á byggingarstað.

Um miðjan ágúst 2014 var ljóst að ekki væri hægt að flytja húsið upp í Drekgil þar sem öll umferð þangað var bönnuð vegna eldgoss í Holuhrauni.



Hreinn Sigurðsson

Starfsmaður FSR

Eftirlitsmaður
Þungarokks-
unnandi

Starfsmaður FSR

Eftirlitsmaður
Grindvíkingur



Gunnar Sigurðsson

Framkvæmdir hófust aftur í maí 2015. Húshlutarnir voru fluttir upp í Drekgil í byrjun ágúst þegar fært var orðið fyrir flutninginn. Framkvæmdum lauk í september 2015.

Nýr stigi milli efri og neðri útsýnissvæða á friðlandinu við Gullfoss

Framkvæmdin er hluti af stærra heildarverkefni sem miðar að því að tryggja verndun friðlandsins við Gullfoss. Verkefnið nær aftur til ársins 2012 þegar ráðist var í hönnunarsamkeppni fyrir Gullfossvæðið. Í kjölfarið var m.a. unnið nýtt deiliskipulag fyrir friðlandið við Gullfoss. Umsjón vegna deiliskipulagsvinnu og hönnunar var á vegum Umhverfisstofnunar en um miðbik ársins 2015 var FSR falin umsjón með verklegum framkvæmdum. Framkvæmd var boðin út og munu jarðvegsframkvæmdir og bygging undirstaða hefjast þegar snjóá leysir á árinu 2016.

Ofanflóðavarnir á Ísafirði – í Gleiðarhjalla

Framkvæmdir við aur- og snjóflóðagarða fyrir ofan byggð neðan Gleiðarhjalla á Ísafirði héldu áfram á árinu 2015. Verkkaupar eru Ísafjarðarbær og Ofanflóðasjóður. Umsjón hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Verkfræðistofan Mannvít hf. og Teiknistofan Eik ehf. sjá um hönnun.

Um er að ræða tvo snjóflóðavarnargarða. Lengri þvergarðurinn er um 380 metra langur og allt að 14 metra hár. Garðarnir eru byggðir upp með brotnu grjóti og styrkingarkerfi flóðmegin.

Ennfremur er byggður einn aurflóðavarnargarður.

Áætluð verklok eru 15. nóvember 2016, en stefnt er að því að ljúka verkinu að undanskilinni sáningu fyrir veturinn og er verkinu að mestu lokið.



Snjóflóðavarnir Patreksfirði, þvergarður við Klif

Snjóflóðavarnir Patreksfirði – þvergarður við Klif

Verki þessu lauk um haustið með lokaúttekt 20. nóv. 2015 og hafði þá verklokum seinkað um rúmt ár en áætluð verklok voru 01.09.2014. Áðurnefnd seinkun var fyrirsjáanleg og samþykkt. Frágangur sem fram fór á árinu 2015 var í formi ýmiskonar mótvægisáðgerða s.s. handröðun grjóthleðsla, gerð stíga og torgs og smíði borða og bekkja.

Verkkaupar eru Vesturbyggð og Ofanflóðasjóður. Umsjón hefur FSR. Verkís hf. sá um verkhönnun og Landmótun sf. um landslagshönnun. Verktaki við snjóflóðavarnirnar við Klif var Glaumur ehf.

Snjóflóðavarnir á Patreksfirði Litladalsá

Verkið fólst í að dýpka og víkka flóðfarveg Litladalsár ásamt byggingu stoðveggja og gerð leiðigarða meðfram neðsta hluta árinna.

Verkið hófst í byrjun árs 2014 og gengu framkvæmdir vel í upphafi. Ýmsar tafir urðu síðan á verkinu og ekki náðist að ljúka því það árið.

Sumarið 2015 fór fram lokafrágangur ásamt snyrtingu lands. Lokaúttekt var gerð 20. nóvember 2015.

Verkkaupar eru Ofanflóðasjóður og Vesturbyggð. Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með verkefninu. Verkhönnun var framkvæmd af Verkís hf., og landslagshönnun af Landmótun sf. Verktaki var Glaumur ehf.

Ofanflóðavarnir Eskifirði – Lambeyrará

Um er að ræða krapaflóðavarnir í og við farveg Lambeyrarár. Frumathugun hefur farið fram en ekki verkhönnun. Verkið er í bið.

Ofanflóðavarnir Eskifirði – Ljósá

Verkið er á hönnunarstigi. Um er að ræða krapaflóðavarnir í og við farveg Ljósár á Eskifirði. Einnig verður byggð steypt brú yfir Ljósá á Strandgötu. Áætlað er að bjóða verkið út vorið 2016. Stefnt er að því að verklegar framkvæmdir hefjist sumarið 2016 og að þeim ljúki haustið 2017.

Ofanflóðavarnir Eskifirði – Hlíðarendaa

Um er að ræða krapaflóðavarnir í og við farveg Hlíðarendaár á Eskifirði. Verkið hófst í júlí 2015 og er stefnt að verklokum um mitt sumar 2016.

Búið er að breikka og dýpka efri hluta Hlíðarendaár og móta bakka með grjóthleðslum. Skurðurinn er 230 metra langur, 5 m breiður og 3 metra djúpur. Í austurhlíð farvegar (efri hluta) er búið að steypa 3,5 metra háan leiðivegg. Unnið er að smíði steyprar brúar á Strandgötunni yfir Hlíðarendaá. Mótvægisáðgerðir felast í gerð göngustíga og gróðursetningu.

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón og eftirlit með verkefninu.

Nes- og Bakkagil Neskaupstað – Varnarvirki

Frumathugun hefur farið fram en hvorki verkhönnun né gerð útboðsgagna. Samkvæmt frumathugun Verkís er lagt til að byggður verði 600 metra langur og 14 til 20 metra hár þvergarður fyrir ofan byggðina. Fyrir ofan þvergarðinn verður komið fyrir tuttugu 10 metra háum keilum í tveimur röðum. Markmið með byggingu varnarvirkjanna er að stöðva hugsanleg snjóflóð fyrir ofan byggðina. Mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram og fyrir liggja drög að frummatsskýrslu dagsett í janúar 2016. Formlegt kynningarferli og umfjöllun Skipulagsstofnunar mun að öllum líkindum ljúka í lok apríl 2016. Áætlaður hönnunartími er á árinu 2016 og framkvæmdartími á árunum 2017 til 2019.

Urðarbotnar og Sniðgil Neskaupstað – Varnarvirki

Frumathugun er lokið en verkhönnun og gerð útboðsgagna er ekki hafin. Samkvæmt frumathugun Verkís hf. er lagt til að byggður verði 375 metra langur og 12 til 17 metra hár þvergarður norðan við Blómsturvelli. Jafnframt er lagt til að byggðar verði fimmtán 8 metra háar keilur í tveim röðum fyrir ofan þvergarðinn. Markmið með byggingu varnarvirkjanna er að stöðva hugsanleg snjóflóð fyrir ofan byggðina en einnig að verja byggðina fyrir aurflóðum og hugsanlegu berghlaupi úr Urðarbotnum. Mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram og fyrir liggja drög að frummatsskýrslu dagsett í janúar 2016. Formlegt kynningarferli og umfjöllun Skipulagsstofnunar mun að öllum líkindum ljúka í lok apríl 2016. Áætlaður hönnunartími er á árinu 2016 og framkvæmdartími á árunum 2017 til 2019.



Ingibjörg Birna Kjartansdóttir



Starfsmaður FSR

BIM-sérfræðingur Fróðleiksfús og nýjungagjörn



Eftirlitsmaður Silfurskeið

Ívar Már Markússon

Ofanflóðavarnir í Bleiksá Eskifirði

Um er að ræða krapaflóðsvarnir í og við farveg Bleiksár fyrir ofan kirkjumíðstöðina á Eskifirði. „V“-laga leiðigarður var byggður ofan við kirkjuna sem ver hana fyrir hugsanlegu flóði úr Bleiksá. Einnig var farvegur Bleiksár sprengdur niður í skurð og bakkar mótaðir með grjóthleðslum. Mótvægisáðgerðir eru meðal annars gróðursetning, stígagerð, bekkir og hleðslur.

Verkið hófst í ágúst 2014 og lauk í ágúst 2015. Umsjón og eftirlit var á ábyrgð FSR.

Ofanflóðavarnir í Neskaupstað – varnargarðar og keilur undir Tröllagili

Framkvæmdir við varnargarða og keilur undir Tröllagili hófust vorið 2011. Um er að ræða 660 metra langan þvergarð, um 420 metra langan leiðigarð og 24 snjóflóðavarnarkeilur. Í verkinu felst mótun og frágangur snjóflóðagarða, gerð vegslóða, göngustíga og fleira.

Á árinu 2015 var áfram unnið við uppbyggingu garða og keila, ásamt uppbyggingu áningarsvæða. Framkvæmdum lauk í lok október 2015.

Verkkaupar eru Fjarðabyggð og Ofanflóðasjóður. Umsjón hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Frumhönnun annaðist Verkís ehf. Verkhönnun varnargarða vann Efla ehf. ásamt Landmótun sf. Verktaki við uppbyggingu varnargarða og keila var Héraðsverk ehf.

Snjóflóðavarnir í Neskaupstað Tröllagil – upptakastoðvirki

Á árunum 2009 og 2010 voru byggð upptakastoðvirki úr stálbitum og láréttum stálprófilum efst í ffallinu ofan við Neskaupstað í Tröllagili. Mikið mæðir á þessum mannvirkjum. Í samvinnu við Fjarðabyggð er ráðgert að koma á reglulegu eftirliti og viðhaldi. Gert er ráð fyrir eftirlitsferð (skoðun stálvirkja) og skýrslugerð um ástand mannvirkjanna á hverju vori. Forskrift (gátlisti) að slíkri vinnu verður mótuð í samvinnu við sveitarfélagið.

Undirbúningur að þeirri vinnu er þegar hafinn.



Jón R. Sigmundsson



Starfsmaður FSR

**Ofanflóða-
sérfræðingur
Þúsundþjalasmiður
og fyrrverandi
rallkappi**

Snjóflóðavarnir Siglufirði – uppsetning stoðvirkja 2. áfangi

Framkvæmdir við uppsetningu stoðvirkja nyrst á svæðinu í Norður – Fífladölum hófst sumarið 2013. Um er að ræða um 1,5 km af stoðvirkjagrindum í fjallinu ofan byggðar á svæði frá 325 metra yfir sjávarmáli upp í 565 metra yfir sjávarmáli.

Áfram var unnið við uppsetningu stoðvirkja á árinu 2015 og lauk framkvæmdum í lok september. Verkið tókst mjög vel og voru framkvæmdir innan áætlaðs framkvæmdatíma.

Verktaki var Íslenskir aðalverktakar hf.

Snjóflóðavarnir Siglufirði – uppsetning stoðvirkja 3. áfangi

Útboð á uppsetningu stoðvirkja í Hafnarfjalli, Siglufirði, 3. áfanga fór fram í maí 2015. Tvö tilboð bárust. Annað frá ÍAV hf og hitt frá Köfunarþjónustunni ehf. Samið var við lögstjóðanda Köfunarþjónustuna ehf. Vegna framkvæmda sem voru í gangi við 2. áfanga var fyrirskrifað að framkvæmdir við 3. áfanga gætu ekki hafist fyrr en um miðjan ágúst. Framkvæmdum skal lokið í september 2018. Verktaki hóf störf í fjallinu í lok ágúst og unnið var fram í byrjun október.

Snjóflóðavarnir Ólafsvík – Uppsetning stoðvirkja

Á árunum 2007 og 2008 voru reist upptakastoðvirki í Tvísteinahlíð ofan við Heilsugæslustöðina í Ólafsvík. Klöppin í hlíðinni virðist vera ótraust og kallaði það á viðhaldsaðgerðir sem unnar voru á árunum 2013 til 2015. Einnig er áætlað að sinna þurfi einhverju viðhaldi á árinu 2016.

Ofanflóðavarnir Bíldudal í Milligili

Frumathugun er lokið en samkvæmt henni er lagt til að byggðir verði 6 til 9 metra háir leiðigarðar á aurkeilunni neðan Stekkjargils. Þeim gördum er ætlað að leiða snjó-

og krapaflóð eftir henni miðri, í gegnum bæinn og um núverandi lækjarfarveg. Áætlað er að framkvæmdir geti hafist árið 2017.

Ofanflóðavarnir Tálknafirði – varnargarður

Frumathugun er í vinnslu. Lagt er til að 6 til 9,5 metra háir leiðigarðar verði byggðir á aurkeilunni neðan Geitárhorna sem leiði snjó- og krapaflóð eftir henni miðri, um auða lóð og út í sjó. Óvist er hvenær framkvæmdir geta hafist.

Ofanflóðavarnir á Seyðisfirði – Þófar og Botnar

Verkið er í frumathugun.

Neskaupstaður, Drangagil – úttekt og viðgerð á netum

Árið 2000 voru reist upptakastoðvirki efst í fjallinu ofan við Neskaupstað í Drangagili. Þau eru úr stálsúlum og sérstökum netum sem strengd voru á milli súlna. Árið 2015 voru farnar skoðunar- og úttektaferðir í fjallið til að kanna ástand stoðvirkjana.

Skoðun sýndi að full ástæða var til að hafa árlegt eftirlit með ástandinu. Árið 2015 voru farnar ferðir til að gera við það sem aflagast hafði. Einnig var á sama ári samið við Philippe Schilling hjá franska fyrirtækinu G.T.S., sem sá um að framleiða og reisa upptakastoðvirkin á sínum tíma, um að gera sérstaka úttekt á ástandinu. Hann skilaði skýrslu í ágúst 2015. Nú er unnið að því í samráði við verkkaupa, Fjarðabyggð, að útbúa áætlun sem felur í sér reglubundið eftirlit og umsógn um það hvernig bregðast skuli við varðandi viðhald. Skýrsla Philippe Schilling verður höfð þar til hlíðsjónar.



Starfsmaður FSR

**Húsnæðisgreiningar-
sérfræðingur
Þeysist um á
umhverfisvænni
vespu**



Pétur Bolli Jóhannesson

Framkvæmdasýsla ríkisins er leiðandi og stefnumótandi afl í opinberum framkvæmdum og stuðlar að skilvirkni og hagkvæmni á því sviði



Róbert Jónsson

Starfsmaður FSR

Húsnæðis- öflunar- sérfræðingur Sælkeri

Varnir ofan við Sigtún

Frumathugun er lokið, þar sem lagt var til að 6 til 11,5 metra háar þvergarður verði byggður í slakka ofan byggðarinnar. Til að milda ásýndina er lagt til að garðurinn verði grafinn niður um 1 til 3 m þannig að hann standi ekki nema 5 til 9 m yfir óhreyfðu landi. Gert er ráð fyrir að hönnun fari fram á árinu 2016 og framkvæmdir hefjist árið 2017.

Útgefin skilamöt og skilagreinar

- Snjóflóðavarnir Siglufirði – þvergarðar. Útgefið í september 2015.
- Snjóflóðavarnir í Neskaupsstað, Tröllagil (Stoðvirki). Útgefið í nóvember 2015.
- Snjóflóðavarnir í Bíldudal. Útgefið í desember 2015.
- Snjóflóðavarnir á Ólafsfirði, í Hornbrekku. Útgefið í desember 2015.
- Ofanflóðavarnir í Eyjafjarðasveit. Útgefið í desember 2015.

Utanríkisráðuneytið

Engin verkefni voru unnin hjá FSR fyrir utanríkisráðuneytið á árinu 2015.

Útgefin skilamöt og skilagreinar

- Engin útgefin skilamöt eða skilagreinar á árinu.

Velferðarráðuneytið

Frumathugun vegna 3ja nýrra hjúkrunarheimila

Unnin var að beiðni ráðuneytisins, frumathugun vegna 3ja nýrra hjúkrunarheimila.

- Stækkun hjúkrunarheimilis að Boðabingi í Kópavogi, alls 64 ný hjúkrunarrými. Áætlaður kostnaður um 1,4 milljarðar króna.
- Nýtt hjúkrunarheimili í Reykjavík fyrir 100 íbúa, ásamt öllum sameiginlegum stoðrymum. Áætlaður kostnaður þar um 2,7 milljarðar króna.
- Hjúkrunarheimili í Árborg fyrir 50 íbúa, ásamt sameiginlegum stoðrymum. Áætlaður kostnaður um 1,4 milljarðar króna.

Starfsmaður FSR

Skrifstofustjóri Húmoristi og smá Imelda Marcos



Sigríður Oddný Marinósdóttir



Sigurður Hlödversson



Starfsmaður FSR

Ofanflóða- sérfræðingur Tónlistar- unnandi

Reiknað er með að kostnaður við þessar framkvæmdir allar skiptist á aðila í hlutföllunum:

- Ríkissjóður 45%,
- Framkvæmdasjóður aldraðra 40%
- Viðkomandi sveitarfélag að lágmarki 15%.

Samkvæmt upplýsingum frá velferðarráðuneytinu eru nú til ráðstöfunar um 350 m.kr. til undirbúnings framkvæmdanna.

Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Stykkishólmi

Haldið var áfram við áfanga 1b við Heilbrigðisstofnun Vesturlands en honum átti að ljúka á árinu 2014. Það gekk ekki eftir.

Forúttekt allra verkþátta fór fram fimmtudaginn 12. febrúar 2015 og verklokaúttekt mánudaginn 16. febrúar. Fyrirhuguð lokaúttekt á brunaviðvörðunarkerfi alls hússins gat ekki farið fram, en fer fram síðar þegar heildarbreyting hefur átt sér stað.

Heilsugæslustöð í Mývatnssveit – Heilbrigðisstofnun Norðurlands.

Ákveðið var að byggja nýja heilsugæslustöð í Mývatnssveit sem yrði sömu gerðar og nýlegar heilsugæslustöðvar sem reistar hafa verið undanfarin ár á landsbyggðinni, þ.e. á Skagaströnd og á Reyðarfirði. Um er að ræða tæplega 240 m² byggingu með tæplega 30 m² opnu bílskýli. Tilboð í voru opnuð 4. maí 2015. Samið var við Trésmiðjuna Rein ehf. Undirritun verksamnings og fyrsta skóflustunga fóru fram 22. júlí 2015. Verksamningur hljóðaði upp á 94,3 m.kr. og eru verklok áætluð í maí 2016.

Húsnæði fyrir Vinnumálastofnun og Tryggingastofnun

Að beiðni velferðarráðuneytisins og fjármála- og

efnahagsráðuneytisins, var Framkvæmdasýsla ríkisins beðin um að gera þarfagreiningu á húsnæðisþörf Vinnumálastofnunar og Tryggingastofnunar og gert könnun á hvort þessar tvær stofnanir gætu rúmast í núverandi húsnæði Vinnumálastofnunar, að því tilskyldu að embætti umboðsmanns skuldara færi úr húsinu.

Ekki reyndist áhugi hjá viðkomandi stofnunum fyrir þessum breytingum og málið var sett í biðstöðu.

Nýtt húsnæði fyrir Vinnueftirlitið

Að beiðni velferðarráðuneytisins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins, árið 2014, var Framkvæmdasýsla ríkisins beðin um að vinna þarfagreiningu og frumathugun vegna húsnæðis Vinnueftirlitsins.

Frumathugun leiddi í ljós að embættið byggi við slæmar aðstæður. Meðal annars er ekki lyfta í húsnæðinu sem er á þriðju hæð. Þá er húsnæðisþörf embættisins um 1.500 m².

Verkið fór í bið hjá ráðuneytinu en síðla árs 2015 var FSR beðin um að uppfæra fyrrnefnd gögn.

Nýtt húsnæði fyrir nýja meðferðarstofnun Barnaverndarstofu.

FSR hóf árið 2015, að beiðni velferðarráðuneytisins og stofnunarinnar, vinnu við undirbúning nýrrar (MultifunC) stofnunar fyrir Barnaverndarstofu. Unnið er að þarfagreiningu, húsrýmisáætlun og frumathugun.

Tilsjón með hjúkrunarheimilum

Á árinu 2015 áttu sér stað miklar framkvæmdir við uppbyggingu hjúkrunarheimila, svonefnd „leiguleið“, sem er á vegum velferðarráðuneytisins og sveitarfélaganna.

Á árinu 2015 lauk framkvæmdum við hjúkrunarheimilin á Egilsstöðum, Ísafirði og í Bolungarvík og voru heimilin á

Starfsmaður FSR

Sérfræðingur um búnaðarmál Briddsari og golfari



Sigurður M. Norðdahl



NLSH Sjúkrahótel

Egilsstöðum og í Bolungarvík tekin í notkun. Heimilið á Ísafirði verður tekið í notkun í janúar 2016.

Sveitarfélögin annast sjálf undirbúning og framkvæmd í samráði við FSR. Í boði er lánsfjármögnun Íbúðarlánasjóðs en fá sveitarfélög hafa nýtt sér þann kost.

Hjúkrunarheimilin eru í eigu sveitarfélaganna en ríkið tekur heimilin á leigu og greiðir framkvæmdakostnaðinn til baka á 40 árum. FSR hefur tilsjón með framkvæmdum sem felst í að fylgjast með framgangi framkvæmda, gera verklokaúttektir og veita ráðuneytinu upplýsingar um gang mála ásamt því að gefa út viðtökuvottorð.

Á Seltjarnarnesi og í Hafnarfirði var lokið við hönnun hjúkrunarheimila og eru framkvæmdir við heimilið á Seltjarnarnesi áætlaðar á árinu 2016 til 2017. Í Hafnarfirði hefur verið hætt við framkvæmdir á þeirri lóð sem heimilið var hannað á og í undirbúningi að efna aftur til samkeppni um nýjan stað.

Framkvæmdasjóður aldraðra

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur frá árinu 2009 unnið með velferðarráðuneytinu við að yfirfara umsóknir um framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra og veita umsagnir um þær. Einnig hefur verið leitað til stofnunarinnar um gerð viðtökuúttekta á stærri og flóknari verkefnum að framkvæmdum loknum.

Nýr Landspítali við Hringbraut

NLSH

Verkefnið Nýr Landspítali ohf, NLSH, er unnið samkvæmt

lögum um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík nr. 64/2010 og breytingum sem Alþingi samþykkti 28. mars 2013.

Verkkaupi er Nýr Landspítali ohf, NLSH en FSR veitir ráðgjöf og umsjón samkvæmt samningi þar um.

Við hönnun og framkvæmd verkefna á vegum Nýs Landspítala við Hringbraut er unnið eftir aðferðafræði BIM. Verkkaupi hyggst einnig fá byggingarnar vottaðar samkvæmt BREEAM alþjóðlega umhverfisstærðunarkerfinu.

NLSH sjúkrahótel og götur, veitur, lóð og tengingar

Hönnun sjúkrahótelis hófst síðari hluta sumars 2014 að undangengnu lokuðu útboði, sem haldið var á grundvelli forvals sem fór fram 2013. Forvalið var opið útboð og samkvæmt niðurstöðu þess var völdum aðilum gefinn kostur á að bjóða í fullnaðarhönnun.

Samið var við lægstbjóðanda, KOS (síðar KOAN) um fullnaðarhönnun sjúkrahótelisins sem lauk sumarið 2015.

Sjúkrahóтелиð er 75 herbergja og stendur norðan Kvennadeildar. Það er 4.250 m² á fjórum hæðum ásamt kjallara og tengigöngum, sem tengjast öðrum deildum spítalans.

Húsið verður prýtt með steinklæðningum, listaverki eftir Finnboga Pétursson myndlistarmann, samkvæmt samkomulagi við Listskreytingarsjóð. Hönnun Koan hópsins nær til byggingarinnar en lóðarhönnun var unnin af ráðgjöfum SPITAL hópsins.



Stefán Ólafsson



Starfsmaður FSR

Sérfræðingur um fasteignaskráningu ríkisins Áhugamaður um fótbolta

Við byggingu sjúkrahótels þarf að færa aðkomu frá Barónsstíg norðar og byggja tengiganga milli hótelsins og annarra bygginga á lóðinni.

Ráðgjafar SPITAL hópsins unnu útboðsgögn fyrir norðurhluta lóðar, götur og veitur. Útboð var auglýst í byrjun maí 2015. Þrjú tilboð bárust í verkið, öll yfir kostnaðaráætlun. Ákveðið var að hafna öllum tilboðum og bjóða verkefnið / verkhlutann „Götur, veitur, lóð og tengiganga“ út með verklegri framkvæmd sjúkrahótels.

Verkleg framkvæmd sjúkrahótels, gatna, veitna, lóðar og tengiganga, útboð nr. 20116, var auglýst í byrjun september á Íslandi og Evrópska efnahagssvæðinu, EES. Fjögur tilboð bárust í verkið. Samið var við lögstjóðanda LNS Sögu og LNS AS og hófust framkvæmdir haustið 2015.

Útboð eftirlits verklegrar framkvæmdar var auglýst í október 2015. Fimm tilboð bárust í verkið og var samið við lögstjóðanda, Verkís hf.

NLSH meðferðarkjarni

Fullnaðarhönnun meðferðarkjarna var boðin út í opnu útboði í lok apríl 2015 á Íslandi og Evrópska efnahagssvæðinu. Fyrirkomulag útboðs var tveggja umslaga kerfi. Bjóðendur skiluðu annars vegar inn upplýsingum um hæfni og reynslu og hins vegar tilboði í þóknun fyrir ráðgjafarstörf. Fimm tilboð bárust.

Fjögur tilboð töldust uppfylla skilyrði útboðs og voru tilboð þeirra opnuð á fundi 16. júlí 2015. Samið var við lögstjóðanda CORPUS3 í september 2015.

FSR er ráðgjafi verkkaupa.

Húsnæði fyrir umboðsmann skuldara

Embætti umboðsmanns skuldara óskaði eftir samstarfi við Framkvæmdasýslu ríkisins um undirbúning auglýsingar fyrir nýtt húsnæði fyrir embættið árið 2014. Í framhaldi voru

unnin drög að þarfagreiningu og húsrýmisáætlun á árinu 2015 í samvinnu Framkvæmdasýslu ríkisins og verkkaupa. Húsaleigusamningur embættisins rann út síðla árs 2015 en samningurinn var framlengdur fram á mitt árið 2016. Skoða þarf málið nánar á árinu 2016.

Starfsmaður FSR

Ofanflóða- sérfræðingur Ræktar garðinn sinn



Þorvaldur Stefán Jónsson

Starfsmaður FSR

Gæðastjóri Söngfugl



Örn Baldursson

Starfsmaður FSR

Sérfræðingur um vistvænar áherslur og BIM Hjólagarpur



Örn Erlendsson

Samstarf

FSR tekur þátt í ýmsu formlegu samstarfi, bæði við innlendar stofnanir og hagsmunasamtök og við erlendar stofnanir.

Þátttaka í samstarfi innanlands er talsverð þar sem FSR er í samráði við ríkisstofnanir, sveitarfélög og ýmis hagsmunasamtök sem starfa á skyldum vettvangi.

BIM Ísland

BIM Ísland eru samtök opinberra verkkaupa sem hafa þann tilgang að styðja við innleiðingu BIM á Íslandi. FSR hefur haldið utan um BIM Ísland frá árinu 2011 og heldur utan um vefsíðu BIM Ísland www.bim.is og BIM Ísland á samskiptamiðlum.

Helstu verkefni BIM Ísland eru að styðja opinbera verkkaupa í innleiðingu BIM við undirbúning, hönnun, byggingu og rekstur opinberra mannvirkja á Íslandi. Í gegnum vefsíðuna og samskiptamiðla er lögð áhersla á að deila upplýsingum, sniðmátum, kennsluefni og öðru áhugasömu BIM tengdu efni.

Jarðtæknifélag Íslands

Framkvæmdasýsla ríkisins er aðili að Jarðtæknifélagi Íslands.

Byggingarstaðlaráð

Byggingarstaðlar tengjast verkefnum FSR og hefur stofnunin lengi verið aðili að Staðlaráði en Staðlaráð Íslands gefur út staðla.

Dokkan

Dokkan er þekkingarfyrirtæki sem í samstarfi við fyrirtæki hefur staðið fyrir fjölda áhugaverðra fræðslufunda. Fundirnir eru á sviði stjórnunar og rekstrar um hagnýta og fræðilega þekkingu með prófaðar lausnir, hagkvæmni og nýsköpun á hverju málefnaviði. Starfsmenn FSR hafa aðgang að atburðum Dokkunnar og tóku þátt í nokkrum atburða ársins.

Framkvæmdafræði við Háskóla Íslands

Háskóli Íslands hefur haldið námskeiðið Framkvæmdafræði 1. Um er að ræða námskeið Verkfræði- og náttúruvísindasviðs sem er tilskilinn hluti á þriðja ári BS náms í Umhverfis- og byggingaverkfræði. Á námskeiðinu er nemendum veitt þjálfun og færni til að beita undirstöðuatriðum í verkefnisstjórn og framkvæmdafræði í byggingariðnaði.

Tveir starfsmenn FSR miðluðu þekkingu sinni sem kennarar á þessum námskeiðum, þau Halldóra Vífilsdóttir og Örn Baldursson.



Norrænn byggingardagur

Meginverkefni NBD er að halda Norræna byggingardaginn (Nordisk Byggedag / Nordic Building Forum). Stefnt var að NBD ráðstefnu á Íslandi haustið 2015 en ekki varð að því.

NKS - Norrænt samstarf um ríkisbyggingar

FSR stóð fyrir norrænum fundi með systurstofnunum sínum dagana 2. - 4. september 2015 en fundurinn er haldinn á tveggja ára fresti. Fulltrúar frá Statsbygg í Noregi, Senaatti í Finnlandi, Statens Fastighetsverk (SFV) í Svíþjóð og Bygningsstyrelsen í Danmörku sóttu fundinn.

Fundurinn var haldinn á Suðurlandi og í Reykjavík. Þátttakendur héldu kynningar og greindu frá helstu áherslum í sínu starfi. Farið var í dagsferð til Vestmannaeyja og var fundur haldinn í Eldheimum. Þar voru m.a. kynnt erindi vinnuhópa NKS um sérstök málefni eins og orkunotkun, vinnuumhverfi og tengsl við viðskiptavini. Á föstudeginum var svo haldið til Reykjavíkur með viðvöl við Fangelsið á Hólmsheiði þar sem gestir fengu kynningu um verkefnið og skoðunarferð um húsið. Í Reykjavík hélt svo fundurinn áfram með kynningu á verkefninu um nýjan Landspítala, NLSH, og lauk fornlega með samantekt. Að því loknu var farið í skoðunarferð um tónlistar- og ráðstefnuhúsið Hörpu.



Samtök iðnaðarins

Árlegt útboðsþing verktaka um verklegar framkvæmdir, Útboðsþing 2015, var haldið 27. febrúar 2015 á Grand Hótel Reykjavíkur. Meðal fyrirlesara var Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri FSR, sem flutti erindi um verkframkvæmdir 2015 á vegum FSR og Ríkiseigna.



Steinsteypufélag Íslands

Samstarf hefur verið hjá FSR við Steinsteypufélag Íslands. Steinsteypudagurinn er haldinn árlega og er jafnan fjölsóttur. Var hann haldinn 20. febrúar 2015. Boðið var upp á góða dagskrá með öflugum fyrirlesurum og tekið á mörgum mikilvægum málum sem dynja á byggingariðnaðinum þessa dagana.

Steinsteypuverðlaunin 2015 voru veitt í fjórða sinn en þau eru veitt fyrir mannvirki þar sem saman fer frumleg og vönduð notkun á steinsteypu í manngerðu umhverfi.

TWN - Vinnuaðstöðusamtök

FSR er aðili að TWN (The Workplace Network) sem eru samtök systurstofnana FSR/Ríkiseigna í mörgum löndum þar sem viðfangsefnið er að skiptast á skoðunum um fasteignamál hjá hinu opinbera og allt sem snýr að vinnuaðstöðu.

Fulltrúi FSR sótti ekki árlegan fund TWN árið 2015.



Vistbyggðarráð

FSR er aðili að Vistbyggðarráði (VBR) sem er vettvangur á sviði vistvænnar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja.

Staldráð við Gunnhver á Rehykjanesi



Steinsteypuverðlaunin 2015



Rekstur og starfsmannamál

Rekstrarafkoma

Tekjur ársins námu tæpum 303 m.kr. sem er 12% hærra en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun. Gjöld ársins námu rúmum 300 m.kr. og fóru því rúmum 11% fram úr áætluðum gjöldum.

Tekjur hækkuðu frá fyrra ári um 37 m.kr. eða um rúm 14%. Gjöld hækkuðu á móti um rúma 31 m.kr. eða rúm 11%. Afkoma stofnunarinnar varð betri en áætlun gerði ráð fyrir og nam rekstrarafgangur ársins 2 m.kr. Launagjöld eru stærsti útgjaldaliður í rekstri stofnunarinnar. Á árinu 2015 námu þau tæpum 228 m.kr. eða tæpum 76% af heildargjöldum. Launagjöld hækkuðu milli ára um sem nemur 7,2%. Miðlægir kjarasamningar hafa þar mest um að segja en samið var við öll stéttarfélag starfsmanna FSR á árinu 2015. Voru samningar þessir afturvirkir til vormánaða 2015 í öllum tilfellum. Auk þessa komu til hækkanir skv. stofnanasamningum s.s. vegna starfsaldurs og byggingastjórnar. Launaliður fór tæp 4% fram úr áætlun ársins.

Í heildina námu önnur gjöld stofnunarinnar tæpum 73 m.kr. og hækkuðu frá fyrra ári um 16 m.kr. eða rúm 28%.

Á árinu lækkaði afskriftasjóður um 1,5 m.kr. og stendur í lok ársins í 11,5 m.kr.. Að baki þeirri fjárhæð standa fjórar kröfur.


Í árslok nam eigið fé FSR 2,7 m.kr.

Verkbókhald FSR

Stærstur hluti þeirra verka sem FSR hefur umsjón með er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá stofnuninni. Lög um skipan opinberra framkvæmda kveða enda á um að svo skuli vera til að stuðla að aukinni hagkvæmni í opinberum framkvæmdum. Með því er verkefnastjórum gert kleift að hafa ávallt nýjustu upplýsingar um fjárhagsstöðu verkanna og auðveldar það kostnaðargát á verkum.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi mynd jókst velta FSR vegna verkefna um 39% á milli árana 2014 og 2015.

Velta FSR árin 2000-2015



Gæðastjórnunarkerfi

Gæðastjórnunarkerfi FSR var vottað 30. október 2012 í samræmi við kröfur í alþjóðlega stjórnunarstaðlinum ÍST ISO 9001:2008, Gæðastjórnunarkerfi – kröfur.

Viðhaldsvottun Vottunar hf. fóru fram í apríl og október. Engin frávik voru skráð í viðhaldsúttektir Vottunar hf. á árinu

Innri úttektir fóru fram á vormánuðum. Verklagsreglur sem tengjast kjarnastarfsemi FSR – frumathugun, öflun húsnæðis, áætlunargerð, verklegum framkvæmdum og skilmati eru teknar út árlega.

Starfsmannamál

Í lok ársins 2015 störfuðu hjá FSR 23 starfsmenn í rúmu 22,5 stöðugildi auk ræstitækis.

Starfsemi stofnunarinnar kallar á nokkuð hátt menntunarstig og er meirihluti starfsmanna háskólamenntaður. Stofnunin leggur áherslu á viðhalda hæfni starfsmanna og er endurmenntun og þjálfun því fastur liður í starfseminni.

Konur voru um áramót í 30% stöðugilda hjá FSR. Það er markmið jafnréttisáætlunar FSR að tryggja að starfsmenn hafi jöfn tækifæri óháð kynferði og að stuðla að jafni stöðu karla og kvenna innan stofnunarinnar.

Nokkrar breytingar urðu á mannahaldi stofnunarinnar á árinu. Þannig hættu þrír verkefnastjórar. Þetta eru þeir Haraldur Arnórsson, Guðmundur Pálsson og Magnús K. Sigurjónsson. Þrír nýir starfsmenn voru ráðnir. Þetta eru þeir Ármann Óskar Sigurðsson, Pétur Bolli Jóhannesson og Örn Erlendsson. Á vormánuðum var Halldóra Vífilsdóttir skipuð forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins til fimm ára.

Nýr vefur FSR

Nýr vefur FSR var opnaður 1. september. Hugsmiðjan ehf. sá um hönnun og var lögð áhersla á að hanna aðgengilegan og notendavænan vef, sem gerir verkefnum FSR hátt undir höfði.

Úttekt á opinberum vefjum ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga fór fram í sjötta sinn haustið 2015. Vefur FSR skoraði 95 stig af 100 mögulegum og var í 9. sæti yfir alla vefi og 5. sæti í flokknum stofnanir.

Nýr vefur FSR var einnig tilnefndur til íslensku vefverðlaunanna árið 2015 í flokknum „aðgengilegur vefur“.

Starfsmannafélagið Auðvitað

Starfsmannafélagið Auðvitað starfaði sem áður af fullum krafti. Sjóm Auðvitað skipuðu Ingibjörg Birna Kjartansdóttir formaður, Örn Baldursson gjaldkeri og Jón R. Sigmundsson ritari.

Skoðunarmenn voru Hreinn Sigurðsson og Guðbjartur Á. Ólafsson.

Auðvitað stóð fyrir fjölda viðburða á starfsárinu. Helst ber þar að nefna fræðslu- og árshátíðarferð til Helsinkí í lok mars, óvissuhaustferð í september og hið árlega jólahlaðborð og jólavinalaikur.



Ársreikningur 2015

Ársreikningur þessi sem hefur að geyma rekstrarreikning ársins, efnahagsreikning í árslok og sjóðstreymi ásamt sundurliðunum hefur verið saminn eftir bókhaldi stofnunarinnar.

Lykilstærðir ársreikningsins eru:

	2015	2014	Fjárheimild
Rekstrarreikningur			
Tekjur samtals.....	302.520.448	265.126.708	277.900.000
Gjöld samtals.....	300.513.526	269.092.364	277.900.000
Framlag úr ríkissjóði	0	0	0
Hagnaður/tap ársins	2.006.922	-3.965.656	0
Efnahagsreikningur			
Eignir samtals	1.741.866.288	1.506.559.936	
Skuldir samtals	1.739.182.821	1.505.883.391	
Höfuðstóll í árslok.....	2.683.467	676.545	
Greiðslustaða við ríkissjóð.....	-46.738.009	-39.233.695	

Forstöðumaður og aðalbókari staðfesta ársreikning stofnunar fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

15.03.2016



Forstöðumaður



Aðalbókari

Rekstrarreikningur


	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Fjárheimildir 2015
Tekjur			
Sértekjur	302.520.448	265.126.708	277.900.000
Markaðar tekjur.....	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur.....	0	0	0
Tekjur samtals	302.520.448	265.126.708	277.900.000
Gjöld			
Almennur rekstur	300.513.526	269.092.364	277.900.000
101 Framkvæmdasýsla ríkisins	300.513.526	269.092.364	277.900.000
Gjöld samtals	300.513.526	269.092.364	277.900.000
Tekjur umfram gjöld	2.006.922	-3.965.656	0
Framlag úr ríkissjóði	0	0	0
Hagnaður/tap ársins	2.006.922	-3.965.656	0

Efnahagsreikningur

	Reikningur 31.12.2015	Reikningur 31.12.2014
Eignir		
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir	0	0
Langtímakröfur	0	0
Fastafjármunir samtals	0	0
Veltufjármunir		
Vörubirgðir	0	0
Inneign hjá ríkissjóði	0	0
Skammtímalán.....	0	0
Skammtímakröfur aðrar	548.152.221	227.109.972
Handbært fé.....	1.193.714.067	1.279.449.964
Veltufjármunir samtals	1.741.866.288	1.506.559.936
Eignir samtals	1.741.866.288	1.506.559.936
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé.....		
Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun	676.545	4.642.201
Breyting v/lokafjálaga	0	0
Hagnaður/tap ársins	2.006.922	-3.965.656
Höfuðstóll í árslok	2.683.467	676.545
Annað eigið fé		
Bundið eigið fé.....	0	0
Framlag til eignamyndunar	0	0
Annað eigið fé samtals	0	0
Eigið fé í árslok.....	2.683.467	676.545
Langtímaskuldir.....		
Tekin löng lán.....	0	0
Langtímaskuldir samtals	0	0
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum	0	0
Skuld við ríkissjóð.....	46.738.009	39.233.695
Skammtímalántökur.....	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	1.692.444.812	1.466.649.696
Skammtímaskuldir samtals	1.739.182.821	1.505.883.391
Skuldir samtals	1.739.182.821	1.505.883.391
Skuldir og eigið fé samtals.....	1.741.866.288	1.506.559.936

Sjóðstreymi

	Reikningur 2015	Reikningur 2014
Hagnaður/tap ársins	2.006.922	-3.965.656
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda		
Breyting skammtímakrafna og birgða.....	-321.042.249	58.552.307
Breyting skammtímaskulda	225.795.116	743.714.927
Handbært fé frá rekstri	-93.240.211	798.301.578
Fjárfestingahreyfingar		
Veitt lán.....	0	0
Afborganir veittra lána	0	0
Endurmat veittra lána	0	0
Breyting á áhættufjármunum	0	0
Fjárfestingahreyfingar samtals	0	0
Fjármögnunarhreyfingar		
Framlag ríkissjóðs	0	0
Tekjur innheimtar af ríkissjóði	0	0
Greitt úr ríkissjóði.....	7.504.314	-23.049.929
Markaðar tekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs	0	0
Tekin lán	0	0
Afborganir tekinna lána.....	0	0
Endurmat tekinna lána.....	0	0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	7.504.314	-23.049.929
Breyting á handbæru fé	-85.735.897	775.251.649
Handbært fé í ársbyrjun	1.279.449.964	504.198.315
Handbært fé, hreyfingar	-85.735.897	775.251.649
Handbært fé í árslok	1.193.714.067	1.279.449.964



www.fsr.is

